

Landsteinar – 3. kafli

Norðurland

Norðurland nær frá Hrútafirði austur á Langanes. Svæðinu er oft skipt í tvennt, Norðurland vestra og Norðurland eystra.

Landslag á Norðurlandi eystra einkennist af miklum andstæðum. Við Eyjafjörð eru há fjöll en þar fyrir austan eru breiðir flóar og lág nes. Mikil hraun eru á stórum landsvæðum og víða rýkur úr hverum eða laugum. Við Eyjafjörð er Akureyri sem er stærsti bær á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Akureyri er mikill ferðamannabær og þar er líka fjölbreytt atvinnulíf. Akureyri er fallegur bær, gömul hús og mikill trjágróður setja svip á staðinn.

Einn þekktasti staðurinn á Norðurlandi er Mývatn og þangað koma margir ferðamenn. Mývatn er fjórða stærsta stöðuvatn á Íslandi. Það er rúmlega 36 ferkílómetrar að stærð, vogskorið og með mörgum hólum og eyjum, yfir 40 talsins. Mesta dýpi vatnsins er aðeins 4,5 metrar. Mývatn dregur nafn sitt af mýinu við bakka vatnsins. Mýið er stundum svo þétt að það líkist dimmu skýi, sérstaklega þegar veður er lygnt. Lirfur mýsins á vatnsbotninum eru mikilvæg fæða fugla og silungs.

Í Mývatni er meiri silungsveiði en í nokkru öðru vatni á landinu og í því hafa veiðst yfir tuttugu punda silungar. Fuglalíf er fjölskrúðugt við vatnið og þar eru fleiri andategundir en á nokkrum öðrum stað á jörðinni.

Svæðið umhverfis Mývatn er gróskumikið þótt vatnið liggja í nærri því 280 metra hæð yfir sjó. Við norðan- og austanvert vatnið er landið víða skógi vaxið, aðallega birkitrjám. Landslagið er mótað af eldgosum og austan við vatnið eru Dimmuborgir, sérkennilegar og tröllslegar hraunborgir sem hafa myndast við stórfengleg eldgos. Það er erfitt að rata um Dimmuborgir og oft hefur komið fyrir að fólk hafi villst þar. Í Mývatnssveit voru eldsumbrot á nokkurra ára tímabili frá 1975. Þau ollu meðal annars því að erfiðlega gekk að fullgera fyrirhugaða virkjun jarðhitans við fjallið Kröflu norðaustan við Mývatn.

Stærsta samfellda hraunbreiða á Íslandi er Ódáðahraun. Það nær yfir stórt svæði frá Vatnajökli norður fyrir Mývatn og er safn hrauna úr mörgum eldstöðvum.

Margar þjóðsögur tengjast Ódáðahrauni, sérstaklega sögur af útilegumönnum, og kannski eru þær ástæðan fyrir nafni hraunsins, sem er þekkt frá því á 17. öld.

Verkefni

1. Klárið töfluna.

	að fara á staðinn	að vera á staðnum	að fara frá staðnum
vestur	ég fer <i>vestur</i> í dag	ég bý fyrir <i>vestan</i>	ég kom <i>að vestan</i> í gær
austur	ég fer _____ í dag	ég bý fyrir _____	ég kom _____ í gær
suður	ég fer _____ í dag	ég bý fyrir _____	ég kom _____ í gær
norður	ég fer _____ í dag	ég bý fyrir _____	ég kom _____ í gær

2. Þekkið þið fleiri stöðuvötn á Íslandi?

3. Af hvaða lýsingarorði er nafnorðið *dýpi* dregið? _____

4. Viðskeytið *-sk-* myndar lýsingarorð af nafnorðum. Hvaða lýsingarorð eru notuð yfir íbúa eftirfarandi landsvæða og bæja?

Sá sem býr á Íslandi er **íslenskur**.

Sá sem býr á Norðurlandi er _____ .

Sá sem býr í Skagafirði er _____ .

Sá sem býr í Húnavatnssýslu er _____ .

Sá sem býr við Eyjafjörð er _____ .

Sá sem býr á Akureyri er _____ .

Sá sem býr við Mývatn er _____ .

5. Finnið dæmi í textanum um viðskeyti sem mynda lýsingarorð.

Bragfræði

Bragfræði er sú grein bókmenntafræði sem fjallar um reglur og byggingu hefðbundins kveðskapar. Í íslenskri bragfræði gilda strangar reglur um **stuðlun**, **hrynjandi** og **rím**.

Stuðlun

Stuðlun (eða stuðlasetning) hefur verið sérkenni í íslenskum kveðskap frá upphafi. Stuðlun var þekkt í germönskum kveðskap og lifði víða fram á miðaldir. Í íslenskum kveðskap lifir stuðlun enn góðu lífi.

Stuðlun er það kallað þegar áhersluatkvæði byrja með stuttu millibili á sama eða svipuðu hljóði. Tilgangurinn er að tengja saman línur ljóðsins, braglínurnar. Hljóðin sem taka þátt í stuðlun eru kölluð ljóðstafir og þau skiptast í stuðla og höfuðstafi. Stuðlar eru ýmist einn eða tveir. Ef þeir eru tveir standa þeir alltaf saman í línu. Höfuðstafur er alltaf einn og kemur framarlega í næstu línu. Þannig tengja ljóðstafirnir saman tvær braglínur. Meginregla í stuðlun er að sérhljóð stuðla við öll önnur sérhljóð en samhljóð verða að stuðla við sama samhljóð.

Verkefni

1. Hér er upphafið að *Þorraþræl* eftir Kristján Jónsson. Finnið stuðla og höfuðstafi.

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð;
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð;
yfir laxalóni
liggur klakaþil
hlær við hríðarbyl
hamragil.

2. Skoðið þessi tvö erindi, sem bæði eru úr eddukvæðum, og finnið stuðla og höfuðstafi.

Úr *Hávamálum*

Ungur var ég forðum
fór eg einn saman,
þá varð ég villur vega;
auðigur þóttumk,
er eg annan fann,
maður er manns gaman.

Úr *Völuspá*

Sól tér sortna,
sígur fold í mar,
hverfa af himni
heiðar stjörnur.
Geisar eimi
við aldurnara,
leikur hár hiti
við himin sjálfan.

3. Stuðlun er ekki bundin við kveðskap. Hún er til dæmis algeng í málsháttum, orðtökum, auglýsingum og nöfnum og viðurnefnum sögupersóna. Finnið stuðlun í eftirfarandi dæmum.

Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.
Enginn er verri þótt hann vökni.
Blindur er bóklaus maður.
Maður er manns gaman.

að taka í taumana
að leika af fingrum fram

Bónus – ekkert bruð!
Blómaval – Heillandi heimur

Lína langsokkur
Mikki mús
Andrés önd

Hrynjandi

Í hefðbundnum kveðskap er orðum raðað þannig að þau mynda svokallaða hrynjandi, en það er takturinn í kvæðinu. Hrynjandi byggist á einingum sem kallast bragliðir eða kveður. Í braglið er eitt þungt atkvæði og oftast fylgja því eitt eða tvö létt atkvæði. Fyrsti bragliður í kvæði kallast hákveða en síðan skiptast á hákveður og lágkveður. Bragliðir geta verið einliðir (eitt atkvæði), tvíliðir (tvö atkvæði) eða þríliðir (þrjú atkvæði). Stundum kemur áherslulaus forliður á undan fyrstu kveðu.

Bragliðir eru ýmist hnígandi (algengara; þungt – létt) eða rísandi (sjaldgæfara; létt - þungt).

Verkefni

Hér er alþekkt vísa sem er eftir Kristján Jónsson, höfund *Þorraþræls*. Finnið stuðla og höfuðstafi vísunnar og greinið bragliði hennar (einliði, tvíliði, þríliði).

Yfir kaldan eyðisand
einn um nótt ég sveima.
Nú er horfið Norðurland,
nú á ég hvergi heima.

Rím

Orð ríma þegar þau hljóma eins að hluta til, t.d. *fiskur-diskur*, *hús-mús*. Rím er algengt í íslenskum kveðskap og oftast er rímið svokallað endarím, þ.e. rímorðin eru í lok braglína. Í ýmsum fornum bragarhátum þekktist líka annars konar rím, svokallað innrím. Þá voru orðin sem hljómuðu svipað í sömu línunni. Ekki hafa allir fornir bragarhættir rím. Eddukvæði eru t.d. órímuð en hafa ljóðstafi. Elsta dæmið um endarím er varðveitt í Egils sögu.

Jóhann Sigurjónsson

Jóhann Sigurjónsson fæddist árið 1880 á Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu. Hann stundaði nám í Latínuskólanum í Reykjavík og fór síðan til Kaupmannahafnar 1899. Þar byrjaði hann að læra dýralækningar en hætti og helgaði sig ritstörfum.

Jóhann skrifaði nokkur leikrit, t.d. *Fjalla-Eyvind*, *Galdra-Loft* og *Mörð Valgarðsson*. Auk þess skrifaði hann ljóð og smásögur. Sumir bókmenntafræðingar halda því fram að Jóhann sé með fyrstu íslensku módernistunum. Jóhann bjó í Danmörku og hann lést þar árið 1919. Hann skrifaði mörg verka sinna á dönsku.

Heimþrá

Reikult er rótlaust þangið,
rekst það um víðan sjá,
straumar og votir vindar
velkja því til og frá.

sjár = sjór

Fuglar flugu yfir hafið
með fögnuði og vængjagný,
- hurfu út í himinblámann
hratt eins og vindlétt ský.

Þangið sem horfði á hópinn
var hnipið allan þann dag.-
Bylgjan, sem bar það uppi,
var blóðug um sólarlag.

hnipið = hnípið

Verkefni

Skóðið myndmál ljóðsins. Þar birtast tvær myndir úr náttúrunni (þangið og fuglarnir) og á sama tíma er lýst tilfinningu. Reynið að útskýra þetta.

Þórarinn Eldjárn

Þórarinn Eldjárn (f. 1949) á að baki langan höfundarferil en fyrsta ljóðabók hans kom út árið 1974. Hann hefur haft sérstöðu meðal íslenskra skálda. Þórarinn er þekktastur fyrir glímu sína við hefðbundið ljóðform en einnig fyrir það hvernig hann hefur unnið úr íslenskum menningararfi á gamansaman hátt. Bækur Þórarins hafa notið mikilla vinsælda meðal allra aldurshópa en hann er þekktur fyrir ljóðabækur sínar handa börnum. Hann er mjög fjölhæfur höfundur og hefur sent frá sér verk í flestum greinum bókmennta: ljóðabækur í hefðbundnu formi og frjálsu, smásögur, skáldsögur, leikrit og barnaljóð. Auk þess hefur hann verið afkastamikill þýðandi og höfundur söngtexta. Hann hefur þýtt ýmis þekkt bókmenntaverk eftir fræga rithöfunda, svo sem Göran Tunström (Jólaóráttin, 1993), Lewis Carroll (Ævintýri Lísu í Undralandi, 1996), August Strindberg (Inferno, 1998), H.C. Andersen (Nýju fötin keisarans, 2003) og William Shakespeare (Lér konungur, 2010; Macbeth, 2012).

Vont og gott

Það er svo vont að liggja á köldum klaka
kalinn í gegn og skjálfa allur og braka.
Hugsa bara þetta: - Svaka svaka
svakalega er vont að liggja á klaka.

Það er svo gott að liggja í mjúkum mosa
mæna upp í himininn og brosa.
Hugsa bara þetta: - Rosa rosa
rosalega er gott að liggja í mosa.

Stólar

Stólar um stóla frá stólum til stóla.
Í stofunni heima, á þingi, í skóla.
Mættum við ekki af þeim þjónustu þiggja
þyrftum við ýmist að standa eða liggja.

Stólar úr plasti, stólar úr leðri.
stólar í görðum í misjöfnu veðri.
Stólar í lagi, stólar með bætur
stólar með einn tvo þrjá fjóra fimm fætur.

Stólar sem rugga, stólar sem braka
stólar á hjólum til þess að aka.
Stólar svo hraustir, stólar svo slappir
stólar með rókókókóskóflöskulappir.

Vandaðir stólar, stólar úr gulli
stólar með allskonar blettum og sulli.
Örlitlir stólar og stólar sem passa
fyrir stóra og breiða og níðþunga rassa.

Verkefni

Finnið stuðla, höfuðstafi og rímorð í ljóðunum *Vont og gott* og *Stólar*.